

# Ársskýrsla landsnefndar UN Women á Íslandi 2013



# Ávarp utanríkisráðherra



Það er ekki að ástæðulausu að UN Women er ein af fjórum áherslustofnunum Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. UN Women er lykilstofnun þegar kemur að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna – málefni sem íslensk stjórnvöld láta sig varða á margvíslegum vettvangi. Ekki aðeins starfar stofnunin að framkvæmd verkefna á vettvangi í samstarfi við innlend stjórnvöld og félagasamtök, heldur gegnir hún mikilvægu samræmingarhlutverki innan Sameinuðu þjóðanna og er einn sterkasti málsvari málaflokksins sem við eigum. Sem aðildarríki í stjórn UN Women á árinu 2014 mun Ísland leggja sig fram um að taka virkan þátt í að efla og styrkja UN Women – enda eru verkefni framundan ærin.

Á alþjóðavettvangi eru mikilvægir tímar að ganga í garð hvað viðvíkur jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Árið 2015 verður þess minnst að tveir áratugir verða liðnir frá kvennaráðstefnunni í Peking (Peking+20). Sama ár verða ný þróunarmarkmið samþykkt á vettvangi SP, því árið 2015 munu Þúsaldarmarkmiðin renna sitt skeið á enda.

Í tilefni af Peking+20 munu ríki heims meta framkvæmd Peking aðgerðaáætlunarinnar á heimavelli - skoða hvar árangur hefur náðst og hvar skóinn kreppir. UN Women, sem mun hafa umsjón með matinu, mun einnig hleypa af stokkunum alþjóðlegu kynningarátaki sem ætlað er að varpa ljósi á málaflokkinn í samræmi við tólf efnisatriði áætlunarinnar. Fastanefnd Íslands í New York beitti sér ötullega fyrir því að efnt yrði til átaksins og vann með UN Women að mótun þess.

Líkt og mikilvægt er að efla framfylgd þeirra skuldbindinga sem aðildarríki SP hafa þegar gengist undir, er nauðsynlegt að tryggja að sjónarmið um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna séu fléttuð inn í ný þróunarmarkmið alþjóðasamfélagsins. Jafnréttismál eru eitt af fjórum áherslusviðum íslenskra stjórnvalda í vinnunni við undirbúning hinna nýju þróunarmarkmiða, og er samhljómur með málflutningi Íslands og UN Women hvað þau varðar.

Til margra ára hefur utanríkisráðuneytið átt gott samstarf við landsnefnd UN Women á Íslandi um margvísleg verkefni sem landsnefndin hefur sinnt af mikilli fagþekkingu og natni. Meðal verkefna er samstarf um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi, en á síðasta ári gaf utanríkisráðuneytið út nýja og endurskoðaða áætlun Íslands um framkvæmd ályktunarinnar fyrir tímabilið 2013-2016. Þannig var í lok árs stofnaður samráðshópur á Íslandi um ályktun 1325 og er einstaklega ánægjulegt að heyra hve hópurinn er áhugasamur og metnaðarfullur um framgang ályktunarinnar. Óska ég honum alls hins besta. Landsnefndinni þakka ég vel unnin störf og hlakka til áframhaldandi samstarfs.

Þegar litið er yfir árangur af starfi landsnefndar UN Women á Íslandi árið 2013 er sannarlega yfir ýmsu að gleðjast. Starfið hefur verið viðburðarríkt, styrktaraðilum í Systralaginu hefur fjölgað og síðast en ekki síst hefur okkur tekist að auka framlög til verkefna á vegum UN Women um tæp 60 prósent frá fyrra ári. Við í stjórn landsnefndarinnar erum afar stolt af því hversu vel starfsemi samtakanna hefur dafnað undanfarin ár og af því að framlag okkar til UN Women hefur aukist jafnt og þétt ár frá ári. Síðastliðin þrjú ár hefur framlag íslensku landsnefndarinnar til UN Women verið það þriðja hæsta og þá ekki miðað við höfðatölu. Við sjáum að framlögin frá Íslandi skipta verulegu máli. En betur má ef duga skal. Enn sem komið er fær UN Women alltof takmörkuð fjárframlög til þess að sinna öllum þeim verkefnum sem brýnt er að hrinda í framkvæmd til að bæta stöðu kvenna um víða veröld.

Úr starfi landsnefndar UN Women á árinu 2013 er af nógu að taka. Hornsteininn í fjáröflun samtakanna er Systralagið en í gegnum það styrkja einstaklingar og fyrirtæki starfið með mánaðarlegum framlögum. Í árslok 2013 var fjöldi styrktaraðila um 3600. Systralagið er ein mikilvægasta stoð starfsins en án þess gætum við ekki aukið framlag okkar jafn hratt til verkefna UN Women og raun ber vitni. Undanfarin ár hafa framlög sem safnast í Systralaginu runnið í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum og var þeirri hefð haldið á árinu 2013. Með traustum stuðningi styrktaraðila samtakanna í gegnum tíðina hefur landsnefnd UN Women á Íslandi náð þeim merka árangri að hafa sent hæsta samanlagða styrk allra landsnefnda til Styrktarsjóðsins. Styrkir sem veittir eru úr sjóðnum snerta líf hundruð milljóna kvenna og fjölskyldna þeirra út um allan heim.

Það hefur verið sérlega ánægjulegt að fylgjast með starfi ungmennaráðs landsnefndar UN Women s.l. ár. Ungmennaráðið var stofnað 2012 og hefur vaxið ört síðan þá. Ungmennaráðið hefur staðið fyrir skemmtilegum viðburðum og fræðslu í skólum landsins. Ráðið stóð m.a. fyrir gjörningi á Austurvelli s.l. sumar þar sem sviðsett var brúðkaup til að vekja athygli á þvinguðum barnahjónaböndum, en 39 þúsund ungar stúlkur eru að jafnaði þvingaðar í slík hjónabönd á hverjum einasta degi. Þá hefur ráðið sinnt mikilvægu fræðsluhlutverki og heimsótti ungmennaráðið fjölda menntaskóla

á landinu og kynnti nemum starfsemi UN Women í fátækustu löndum heims. Hefur verið sérlega ánægjulegt að heyra hvað mikill áhugi hefur verið fyrir þessum kynningum og hvað þær hafa gengið vel.

Eins og fram kemur í ársskýslunni þá stóð landsnefndin fyrir margvíslegum viðburðum á árinu 2013. Fyrir hönd stjórnar Landsnefndar UN Women vil ég koma á framfæri þakklæti til allra þeirra lagt hafa starfinu lið. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá hvað margir hafa sýnt málefnum UN Women áhuga og stuðning. Þannig komu um þúsund manns saman 14. febrúar 2013 til að taka þátt í alþjóðlega átakinu Milljarður rís, þar sem dansað var til heiðurs öllum þeim konum og stúlkum sem upplifað hafa ofbeldi kyns síns vegna. Í nóvember komu svo um eitt þúsund manns saman á Fiðrildafögnum UN Women í Hörpu til þess að heiðra konur sem lifað hafa af syruárásir og styrkja verkefni UN Women sem miða að því að uppræta slíkt ofbeldi.

Í fór fram árlegur fundur Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna. Í ár er þema fund-

arins áskoranir og árangur í framkvæmd Þúsaldarmarkmiðanna hvað varðar konur og stúlkur en bág staða þeirra er ein helsta fyrirstaða þess að markmiðunum átta verði náð. Þúsaldarmarkmiðin voru sett árið 2000 og eiga þau að stuðla að mannsæmandi og sjálfbærri framtíð fyrir alla íbúa heims. Aðildarríkin samþykktu að reyna að ná þeim fyrir árið 2015. Miklar framfarir hafa orðið á ýmsum sviðum, t.d. hvað varðar skólagöngu barna. Hins vegar hallar enn á konur, mæðradauði er hár á mörgum svæðum og konur eru sá hópur sem líklegri er til að búa við sárafátækt. Því er mikilvægt að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök leggist á eitt við að búa til heildstæða aðgerðaráætlun sem tekur við af Þúsaldarmarkmiðunum og hefur jafnrétti og sjálfbærni að leiðarljósi.



## Efnisyfirlit

- 4 Þema – Barnabréttir
- 5 Milljarður rís
- 6 Fiðrildafögnum og Fiðrildabolurinn
- 8 Starf UN Women á alþjóðavettvangi
- 9 Innanlandsstarf
- 11 Samstarf við utanríkisráðuneytið og Ungmennaráð
- 12 Overview in English
- 14 Ársreikningur
- 15 Stjórn UN Women á Íslandi

# Baráttan gegn þvinguðum hjónaböndum

Landsnefnd UN Women á Íslandi hefur undanfarin ár styrkt Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum. Sjóðurinn er sá eini innan Sameinuðu þjóðanna sem vinnur að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum. Í ár lagði sjóðurinn höfuðáherslu á baráttuna fyrir því að stúlkubörn geti lifað lífi án ofbeldis.

Barnabruðkaup og þvinguð hjónabönd eru alvarleg birtingarmynd ofbeldis gegn konum og stúlkum en yfir 67 milljónir stúlkna hafa verið giftar fyrir 18 ára aldur þrátt fyrir að hjúskaparlög kveði á um lágmarksaldur.

Að gefa ungar stúlkur í hjónaband hefur víðtæk áhrif á samfélagið í heilsufarslegu, efnahagslegu sem og félagslegu tilliti. Fæstar giftar stúlkur fá tækifæri til að ljúka námi sem leiðir til skertra atvinnutækifæra og möguleika á efnahagslegu sjálfstæði. Griðarlegur valdamunur milli stúlkunnar og eiginmannsins veldur því að hún verður oft þræll hans og tengdafjölskyldu sinnar. Þessi óhugnanlegi siður viðheldur fátækt og ofbeldi. Til þess að vekja athygli landsmanna á þessu ört vaxandi vandamáli stóð íslenska landsnefndin fyrir áhrifaríkri herferð í apríl sem kallaðist Barn ekki brúður. Þar var hugmyndin um þvinguð hjónabönd heimfærð á íslenskar stúlkur á fermingaraldri. Í auglýsingum sem birtar voru í tengslum við átakið mátti sjá mynd af stúlku í fermingarkyrtli og sömu stúlku í brúðarkjól við hliðina á fullorðnum manni. Landsmenn voru hvattir til að leggja systur sínum vísvegar um heiminn líð með því að gerast mánaðarlegir styrktaraðilar í Systralagi samtakanna og láta þannig fé af hendi rakna í Styrktarsjóðinn.

Styrktarsjóðurinn leggur mikla áherslu á að stuðla að hugarfarsbreytingu í samfélaginu með það að markmiði að afnema hjónabönd ungra stúlkna og að veita stúlkum sem nú þegar hafa verið giftar úrræði, t.d. aðgengi að heilsugæslu og sálfræðimeðferð. Verkefni sjóðsins miða að því að uppræta þennan hörmulega sið á margvíslegan hátt og styrkir hann nú þegar verkefni í Eþíópíu, Kambódíu, Tadsjikistan, Kamerún, Malí, Senegal, Gambíu og Gíneu.



## Saga Feturu:

Framtíðardraumar Feturu, 14 ára stúlku í Kombolcha-héraði í Eþíópíu, urðu að engu á einu augabragði þegar faðir hennar tilkynnti að gefa ætti hana í hjónaband með eldri manni.

Áfallið varð ungu stúlkunni mikið því hún hafði stefnt að því að ljúka námi og fá sér vinnu áður en hún gengi í hjónaband. Fetura lagði hart að föður sínum að hætta við áform sín um brúðkaupið og leyfa henni að ljúka skólagöngu sinni en eina svárið sem hún fékk var að það hefði ekkert upp á sig að mennta stúlkur. Hún ákvað því að taka ráðin í eigin hendur enda mjög meðvituð um þá andlegu og líkamlegu áhættu sem ungar brúðir standa frammi fyrir. Í skólanum hafði hún fengið fræðslu um réttindi sín og lög sem vernda stúlkur gegn skaðlegum siðum á borð við barnabruðkaup en í þorpi hennar þykir það mikil skömm að vera ógift við 16 ára aldur.

Fetura hafði samband við kennara og skólustjóran í skólanum sem hún sótti en það skilaði litlu því faðirinn var harður í horn að taka og sagðist hafa rétt á því að gera það sem honum sýndist með dóttur sína. Kennararnir héldu þó baráttunni áfram og tókst á endanum að koma málinu fyrir dómstóla þar sem stúlkun bar vitni gegn föður sínum. Hann gaf sig að lokum og samþykkti að leyfa henni að ljúka námi sínu.

Í Kombolcha-héraði er starfrækt verkefni á vegum Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum sem miðar að því að auka þekkingu kvenna á réttindum sínum og berjast þannig gegn barnabruðkaupum. Síðan verkefninu var ýtt úr vör árið 2009 hefur fjöldi kvenna fengið þjálfun á vegum samtakanna og hefur þeim víða tekist að uppræta siðinn í samvinnu við skóla, kvennahreyfingar, lögreglu og leiðtoga á hverjum stað fyrir sig.

„Ég ráðlegg vinum mínum að hætta ekki í námi og sýna hugrekki þegar kemur að því að verja réttindi sín,“ segir Fetura sem nú er orðin 16 ára og er enn í námi. „Einnig hef ég tekið þátt í að vekja unga stráka til vitundar um baráttuna gegn barnabruðkaupum því ég vil ekki horfa upp á systur mínar og vinkonur í sömu stöðu og ég var í.“



# Milljarður rís

Þann 14. febrúar tók landsnefnd UN Women á Íslandi þátt í alþjóðlegu átaki Eve Ensler stofnanda V-dagssamtakanna, Milljarður rís: upprættum ofbeldi gegn konum og stúlkum.

Óhætt er að segja að Íslendingar hafi staðið fyrir femínískri flóðbylgju í Hörpu þegar um 2000 manns komu saman í hádeginu og dönsuðu til heiðurs öllum þeim konum og stúlkum sem upplifað hafa ofbeldi kyns síns vegna. Yfirlýsing frá samtökunum vegna Milljarður rís:

Við neitum að búa í heimi þar sem

- Nauðgunarmenning er normið
- Þar sem konum er kennt að hafa varann á sér þegar þær eru einar úti
- Þar sem ungar stúlkur eru þvingaðar og seldar í hjónabönd
- Þar sem konur eru útskúfaðar úr samfélaginu ef brotið er á þeim kynferðislega
- Þar sem konur eru myrtar ef þær eru taldar hafa kastað rýrð á heiður fjölskyldunnar



- Þar sem konum er refsað fyrir að kæra kynferðisbrot
  - Þar sem refsileysi ríkir þegar konur eru niðurlægðar í netheimum
- Margrét Erla Maack opnaði viðburðinn

og stýrði gleðinni á meðan DJ Margeir sá til þess að dansinn dunaði og Lunch Beat-teymið sá til þess að draga það besta fram í fólki á dansgólfinu.

## Fiðrildabolur UN Women

Í desember fór í sölu Fiðrildabolur UN Women á Íslandi í samstarfi við ELLU, ljósmyndarann Sögu Sig og Landsbankann.

Fiðrildabolurinn var hannaður af Katrínu Maríu Káradóttur fyrir ELLU og Sögu Sig sem tók myndina sem prýðir bolinn.

Hrundið var af stað ljósmyndaferð fyrir bolina þar sem mæðgur, systur og vinkonur voru myndaðar saman í bolunum fallegu. Það voru grafísku hönnuðirnir Katla Rós og Ragnar Már Nikulásson sem hönnuðu allt útlit herferðarinnar.

ELLU og Landsbankinn lögðu til allt fjármagn til framleiðslu á bolunum sem settir voru í sölu fyrir jólin og gerðu landsnefndinni þannig kleift að senda allan ágóða sölunnar í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum. Upphæðin sem lögð var til verkefnisins margfaldaðist með fiðrildaáhrifum enda gáfu allir sem komu að verkefninu framlag sitt til sjóðsins.



# Fiðrildafögnuður



## Sýruárásir

Eitt þúsund manns komu saman á Fiðrildafögnuði UN Women 14. nóvember í Hörpu til þess að heiðra konur sem lifað hafa af sýruárásir og styrkja verkfni UN Women sem miða að því að uppræta slíkt ofbeldi.

Sýra er ódýrt og aðgengilegt vopn sem leggur líf þúsunda kvenna í rúst ár hvert. Sýruárásir eru algengastar í Suður- og Suðaustur-Asíu og í 80 prósentum tilvika eru fórnarlömbin konur eða ungar stúlkur. Það er þó erfitt að draga ályktanir um hversu útbreitt vandamálið er þar sem brotin eru iðulega ekki kærð. Ástæðan er meðal annars sú að oft er hvorki litið á sýruárás sem alvarlegan glæp né mannréttindabrot.

Sýru er skvett á konur fyrir litlar sakir. Til dæmis fyrir að svara ekki smáskilaboðum, hafna bónorði, ganga í óviðeigandi klæðnaði eða fyrir að sækja um skilnað frá ofbeldisfullum eiginmanni. Konur sem lifa árásinar af búa flestar við mikla fötlun ævilangt. Algengast er



að sýru sé kastað í andlit fórnarlambins og brennir hún af augnlok, nef, eyru og varir á augabragði. Auk líkamlegrar fötlunar mega konur sem lifa sýruárásir af þola samfélagslega útskúfun. Þær eiga erfitt með að fá vinnu, mennta sig og eignast fjölskyldu. Lýtalækningar eru dýrar og lækni meðferð er því ekki valkostur fyrir fátækar konur.

Um allan heim vinnur UN Women að því að uppræta sýruárásir. Lykilatriði í þeirri baráttu er að hefta aðgang að sýru, herða refsingar yfir gerendum og draga úr félagslegri einangrun þeirra sem fyrir árásunum verða. Það er líka mikilvægt að stuðla að hugarfarsbreytingu meðal almennings, lögreglu, lögmannna og dómara. Sýruárásir eiga ekki og mega ekki vera samþykktar sem eðlileg viðbrögð, hefnd, eða jafnvel réttur manna. Að sama skapi er nauðsynlegt að veita þolendum viðeigandi stuðning og því styrkir UN Women sérstök athvörf sem aðstoða og efla þolendur sýruárása til að verða virkir þátttakendur í samfélaginu á ný.

## Auglýsingaherferð

Samtökin ýttu úr vör áhrifaríkri auglýsingaherferð þar sem andlitum þekktara íslenskra kvenna var skeytt saman við andlit indverskra kvenna sem lifað hafa af sýruárásir og er óhætt að segja að herferðin hafi vakið mikla athygli. Kristbjörg Kjeld, Friðrika Hjördís Geirsdóttir, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Margrét Erla Maack lánuðu andlit sín fyrir þessa





mögnuðu herferð. Ljósmyndarinn Sissa tók myndirnar og grafísku hönnuðirnir Elsa Nielsen og Þorbjörg Ólafsdóttir hönnuðu útlit herferðarinnar. Auglýsingaherferðin var styrkt af Marel og birtist í öllum helstu fréttamiðlum landsins. Herferðin var síðar tilnefnd til ÍMARK-verðlauna.

Þá voru framleiddar tvær auglýsingar þar sem landsþekktir einstaklingar komu fram og hvöttu landsmenn til þess að mæta á Fiðrildafögnuðinn og sýna þannig samstöðu með systur sínum í fátækustu löndum heims. Auglýsingarnar voru framleiddar af systrunum Birnu Paulínu, Ágústu og Helenu Einarsdætrum hjá Elf Films. Allir sem komu að gerð auglýsinganna gáfu vinnu sína. Auglýsingarnar voru sýndar í sjónvarpi og í bíóhúsum bæjarins.

### **Styrktarlínur**

Opnaðar voru styrktarlínur á vegum Símans í tilefni af Fiðrildafögnuðinum. Hægt var að styrkja samtökin með því að senda smáskilaboð í sérstök söfnunarnúmer.



### **Aðgöngumiðinn**

Aðgangsmiðar gesta á fögnuðinn voru indversk vinaarbönd en þeim fylgir aldagömul hefð á Indlandi. Kveikjan að armböndunum varð til þegar átta hugaðar indverskar konur sem lifað hafa af sýruárásir komu saman í Nýju Delí. UN Women keypti armböndin af grasrótar-samtökunum Stop Acid Attacks, en þau stóðu fyrir dvöl kvennanna í borginni. Þessum konum fengu gestir fagnaðarins að kynna á kvöldinu sjálfu.

### **Fiðrildafögnuðurinn**

Kvöldið sjálft hófst á fordrykk í boði Grand Marnier. Fjöldi íslensks listafólks lagði samtökunum lið við að gera viðburðinn sem eftirminnilegastan, má þar á meðal nefna dansara úr Íslenska dansflokknum, Sigríði Thorlacius og Högna Egilsson úr Hjaltalín og hljómsveitina Evu. Landsþekktar leikkonur á vegum Borgarleikhússins fóru í líki Malölu og annarra baráttukvenna og vöktu vægast sagt athygli. Kvöldinu lauk með Bollywood-danssprengju með Margéti Erlu Maack í fararbroddi og allsherjar hóp-dansi sem vakti mikla lukku. Hápunktur

kvöldsins voru þó myndbandsinnslög frá Indlandi sem unnin voru þegar konurnar indversku komu saman í Nýju Delí og tóku þátt í sjálfstyrkingarviku og unnu meðal annars vinaarböndin saman fyrir landsnefndina.

### **Styrktaraðilar**

Íslandsbanki, CCP og Landsvirkjun styrktu Fiðrildafögnuðinn og gerðu samtökunum kleift að láta allan ágóða af kvöldinu renna beint í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum.

Innilegar þakkir fá einnig Nói Siríus, ELLA, Indiska, Skarhúsið og KronKron.

### **Sjálfbóðaliðar**

Sérstakar þakkir fá *Berglind Sunna Stefánsdóttir* og *Diljá Ámundadóttir* sem stjórnðu öllum undirbúningi í Hörpu og sáu til þess að kvöldið gekk vel fyrir sig. Við erum afar þakklát fyrir frjótt ímyndunarafl þeirra og ástríðu. Þá hefði þetta kvöld ekki heppnast svona vel ef ekki hefði verið fyrir kröftugan hóp sjálfbóðaliða.



# Starf UN Women á alþjóðavettvangi



Árið 2013 var viðburðaríkt í starfi UN Women á alþjóðavísu. Á 57. fundi kvemna-nefndar Sameinuðu þjóðanna sem fram fór í New York í mars var ofbeldi gegn konum og stúlkum rætt. Að fundinum stóðu 132 aðildarríki sem unnu hörðum höndum að því að semja lokaskjal fundarins sem fjallar um leiðir til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum og stúlkum.

Þrátt fyrir að öll aðildarríki séu sammála um mikilvægi þess að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum er það eldheitt og umdeilt umræðuefni. Vandinn er að skilgreining aðildarríkja á jafnrétti er mjög ólík. Til að mynda lýsti Bræðralag múslíma í Egyptalandi því yfir að þeir myndu ekki styðja lokaniðurstöður fundarins þar sem að þær brytu í bága við Sharía lög. Þeir tóku það skýrt fram að konur ættu ekki að geta lagt fram kæru á hendur eiginmanni sínum vegna nauðgunar. Einnig mótmæltu þeir tilögum um að dætur hefðu jafnan erfðarétt á við bræður sína. Vatíkanið, Rússland og Íran tóku undir með Bræðralagi Múslíma um að ekki væri við hæfi að tala um aðgengi kvenna að getnaðarvörnum og fóstureyðingu.

Margir óttuðust að ekki myndi takast að ljúka samningaviðræðunum í ár líkt og árið áður en þá tókst ekki að komast að niðurstöðu um valdeflingu landsbyggðarkvenna. Sama var uppi á teningnum 10 árum áður þegar þema fundarins var einnig ofbeldi gegn konum og stúlkum. Á lokadegi fundarins komust aðildarríkin þó að sameiginlegri niðurstöðu. Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá áherslu á réttindi frumbyggjakvenna, konur með fatlanir og konur sem smitaðar er af HIV. Málsgreinar í skjalinu sem fjölluðu um frjósemisréttindi og kynfrelsi kvenna voru ekki teknar út sem líka kom ánægjulega á óvart. Á lokadegi fundarins tilkynnti Michelle Bachelet

framkvæmdastýra UN Women að hún hygðist hætta í árslok og snúa sér aftur að stjórnárum í heimalandi sínu Chile.

## Starf UN Women

UN Women og grasrótarsamtök í Kirgistan unnu mikinn sigur á árinu þegar kirgíska þingið samþykkti löggjöf um herðingu refsinga vegna brúðarstuldar. Brúðarstuldur er útbreitt vandamál í Kirgistan og hefur refsileysi verið ríkjandi. Í dag eiga gerendur yfir sér allt að 10 ára fangelsi fyrir slíkan glæp.

Starf og sýnileiki UN Women á samfélagsmiðlunum hefur eflst til muna undanfarin á árinu en þar bar hæst herferð UN Women sem titluð var *Women Should* (Konur eiga að) og fór eins og eldur um sínu á vefnum. Herferðin notaðist við Google leitarsíðuna og setningar sem koma upp þegar notandi skrifar „*Women Should*“ í leitarboxið.

Íslenska landsnefndin hefur undanfarin ár safnað fé í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum en sjóðurinn hefur styrkt yfir 330 verkefni í 127 löndum frá árinu 1997. Í fyrra styrkti sjóðurinn 17 ný verkefni frá öllum heimsálfum auk eldri verkefna.

Framlög landsmanna runnu meðal annars til verkefnis í Bangladess sem miðar að því að að búa konum og stúlkum öruggara umhverfi en Bangladess er eitt af fáum ríkjum heims þar sem karlmenn eru fleiri en konur. Mikilvægt er að ná til ungra krakka og taka yfir 100 skólar þátt í verkefninu. Hugarfarsbreyting ungra stráka er gríðarlega mikilvæg til þess að ná fram nauðsynlegum breytingum.

Árið 2010 samþykktu armensk stjórnvöld sína fyrstu aðgerðaáætlun sem miðar að því að berjast gegn kynbundnu ofbeldi. Með þessu mikilvæga skrefi hefur mikill árangur náðst. Þó er enn langt í land sérstaklega í mennta-

kerfinu. Kynjafræðsla er sterkt verkfæri í baráttunni fyrir afnámi ofbeldis gegn konum og stúlkum. Grasrótarsamtök í Armeníu hafa undanfarið unnið hörðum höndum að innleiðingu kynjafræðslu og sérstakrar fræðslu um ofbeldi gegn konum í alla grunnmenntun á landsvísu.

Ofbeldi gegn konum og stúlkum er mjög útbreitt í Marokkó en um 63 prósent kvenna á aldrinum 18-64 ára hafa orðið fyrir ofbeldi á síðustu 12 mánuðum. Í samvinnu við Styrktarsjóðinn hafa stjórnvöld í Marokkó nú hafist handa við að uppræta ofbeldið og binda enda á refsileysi sem ríkt hefur gagnvart gerendum auk þess að tryggja þolendum réttlæti og vernd. Í borginni Fez í Marokkó hefur verið komið á fót miðstöð fyrir þolendur ofbeldis þar sem konur geta leitað eftir lagalegri aðstoð og sálrænni ráðgjöf. Hundruð kvenna fá þannig tækifæri til að koma fótunum undir sig á nýjan leik og byggja upp nýtt líf. Með þessu átaki er lögð áhersla á að konur séu ekki fórnarlömb heldur frumkvöðlar breytinga og markmiðið er stuðla að valdeflingu þeirra á öllum sviðum.

Í Úkraínu hafa 45 prósent kvenna upplifað ofbeldi a.m.k. einu sinni á lífsleiðinni. Einnig hafa rannsóknir sýnt að 56 prósent úkraínskra kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi í æsku munu verða fyrir ofbeldi eftir 18 ára aldur. Kvemna-samtök í Úkraínu hafa með styrk frá Styrktarsjóðnum tekið málin í sínar hendur og beina sjónum sínum að unglingsstúlkum. Markmið verkefnisins er að þjálfar ungar stúlkur, efla leiðtoga-hæfni þeirra og gera þær þannig leiðandi í baráttunni gegn ofbeldi. Með vitundarvakningu og jafningjafræðslu er markmiðið að ná til ungra stúlkna sem eru í hvað mestri hættu, veita þeim stuðning og bæta aðgengi þeirra að viðeigandi þjónustu.



# Innanlandsstarf



## Fjáröflun

### Systralag

Á árinu 2013 voru fimm ár síðan Systralaginu var ýtt úr vör og hafa styrktaraðilar aldrei verið fleiri en yfir 3.600 manns greiða nú mánaðarlega styrki til samtakanna. Enn sem fyrr er Systralagið helsta fjáröflunarleið samtakanna og hefur vegur þess vaxið stöðugt með árunum.

UN Women leggur mikið upp úr því að eiga góð samskipti við styrktaraðila sína, flytja þeim reglulega fréttir af starfinu og minna þá á hversu mikilvægur stuðningur þeirra er. Undanfarin ár hafa framlög sem safnast í Systralaginu runnið í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum og var þeirri hefð haldið á árinu 2013. Með traustum stuðningi styrktaraðila samtakanna í gegnum tíðina hefur landsnefnd UN Women á Íslandi náð þeim merka árangri að hafa sent hæsta samanlagða styrk allra landsnefnda til Styrktarsjóðsins. Styrkir sem veittir eru úr sjóðnum snerta líf tug milljóna kvenna og fjölskyldna þeirra út um allan heim.

## Götukynnar

Árið 2013 var UN Women á Íslandi gjöfult, ekki aðeins í formi vaxandi framлага frá styrktaraðilum okkar heldur vegna frábærs fólks sem hefur sett sinn brag á starf samtakanna. Þar létu götukynnar sumarsins ekki sitt eftir liggja enda um efnilegt ungt fólk að ræða sem einsett hefur sér að setja kraft í jafnréttisbaráttuna. Hópurinn gæddi götur Reykjavíkur og nágrennabæja appelsínugulur og glaðlegum blæ þrátt fyrir mislynda veðráttu. Fjöldi fólks átti lífligar samræður við götukynnana og voru margir sem ákváðu í kjölfarið að gerast styrktaraðilar UN Women. Vilja samtökin þakka þessum

efnilegu ungmennum fyrir gott samstarf í sumar og einnig landsmönnum fyrir góðar viðtökur.

## Reykjavíkumaraþon

Segja má með sanni að UN Women hafi unnið stórsigur í Reykjavíkumaraþoninu 2013 því aldrei hafa samtökin fengið jafnháan styrk í formi áheita. Alls söfnuðust um 350.000 sem renna í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum. UN Women þakkar hlaupurunum og öllum þeim sem létu fé af hendi rakna til að hvetja þá til dáða.

## Styrkur frá Stuðverk

Landsnefnd UN Women á Íslandi fékk skemmtilega heimsókn í september frá forsvarskonum Stuðverks, skemmtifélags íslenskra verkfræðikvenna sem færðu samtökunum 225 þúsund króna styrk. Styrkur sem þessi er samtökunum ómetanlegur og óhætt að segja að hver króna skipti máli.

## Dansnámskeið

UN Women fagnaði alþjóðlegum degi stúlkubarnsins, þann 11. október, með dansmaraþoni í samvinnu við Kramhúsið. Fjöldi kvenna og stúlkna mætti í Kramhúsið og dönsuðu þær saman heila kvöldstund en stiginn var magadans, afró og Beyoncé-dans. Danskennararnir, Þórdís Nadia Semichat, Margrét Erla Maack og Álfheiður Anna Pétursdóttir, sem sáu um að halda fjörinu á lofti gáfu vinnu sína auk þess sem Kramhúsið lánaði húsnæði sitt endurgjaldslaut.

## Vitundarvakning

### Kynningarstarf og fræðsla

Starfsfólk skrifstofu auk ungmennaráðs hefur séð um að kynna starf UN Women í skólum landsins og fyrir

ýmsum hópum á árinu. Má þar meðal annars nefna kynningar fyrir nemendur Fjölbrotaskólans í Breiðholti, Kvennaskólans í Reykjavík og Menntaskólans í Reykjavík.

## Samvinna við bíó og leikhús

Eins og fyrri ár átti UN Women á Íslandi í farsælu samstarfi við listafólk á ýmsum sviðum. Þar má fyrst nefna kvikmyndahátíðina *Reykjavík Shorts&Docs*. Samtökin tóku þátt í sýningu heimildamyndarinnar *Salma* eftir bresku kvikmyndagerðarkonuna Kim Longinotto. Myndin fjallar um íslamska Tamílann og ljóðskáldið Sölmur sem bjó við langvarandi ofbeldi og ánaud. Henni tókst að brjótast út úr þeim skelfilegu aðstæðum og er nú eitt virtasta ljóðskáld Indlands. Að sýningu lokinni stýrði UN Women pallborðsumræðum þar sem Longinotto kom fram meðal annarra.

Framkvæmdastýra tók einnig þátt í umræðum eftir sýningu á *Húsi Bernhóru Alba* sem er eitt þekktasta verk Federico García Lorca. Verkið, sem lýst er sem kvennaharmleik, fjallar um misbeitingu valds, kúgun og kúgara og sköpuðust lífligar umræður að sýningu lokinni.

## Ljósaganga og umræður

Þann 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, stóð landsnefndin fyrir árlegri ljósagöngu. Fjöldi manns mætti í Alþingisgarðinn þar sem gangan hófst. Sérlegir gestir og ljósberar voru frumkvöðlar og baráttukonur sem stóðu fyrir stofnun Kvennalistans og gengu þær í broddi fylkingar





að Stúdentakjallaranum. Þetta voru þær Guðrún Jónsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, sem jafnframt er verndari samtakanna, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Að göngu lokinni stigu þær Guðrún, Guðný, Þórhildur og Guðrún á stökk og tóku þátt í líflægum pallborðsumræðum um sögu og störf Kvinnalistsans.

#### **Þróunarsamvinna ber ávöxt**

Þriðja árið í röð tók UN Women þátt í samstarfsverkefni samtaka í þróunarsamvinnu á vegum Þróunarsamvinnustofnunar sem ber heitið Þróunarsamvinna ber ávöxt. Átakinu er ætlað að vekja landsmenn til vitundar um þróunarsamvinnu og það starf sem þessi félagasamtök vinna. Í þetta skipti var áherslan á gildi menntunar og fræðslu í þróunarstarfi, bæði hér á landi og erlendis. Í tilefni átaksins var haldið málþing þar sem opnaður var formlega kennsluvefur um þróunarmál og kynnt var ný kennslubók um efnið.

#### **Jafnréttissáttmáli UN Women**

Landsnefnd UN Women á Íslandi ýtti úr vör alþjóðlegu átaki UN Women og Global Compact um samfélagsábyrgð fyrirtækja á sviði jafnréttis árið 2010. Átakið gengur út á að hvetja fyrirtæki til að skrifa undir Jafnréttissáttmálann (Women's Empowerment Principles) en hann miðar að því að að hvetja fyrirtæki til þess að vinna eftir sjö viðmiðum sem stuðla að auknu jafnrétti kynjanna í rekstri þeirra. Þrettán íslensk fyrirtæki hafa skrifað undir sáttmálann hér á landi, Íslandsbanki, Landsbankinn, N1, Lyfja, VÍS, Deloitte, Marel, Alcan á Íslandi, Landsvirkjun, Kaffitár, CCP, ELLA og nú síðast Síminn sem skrifaði undir sáttmálann í nóvember. Yfir 600 fyrirtæki hafa undirritað sáttmálann á

heimsvíu frá því að hann var kynntur fyrst í mars 2010.

#### **Réttindagæsla**

##### **Vinnuhópur mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum**

Í maí sat framkvæmdastýra fund með vinnuhópi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum. Hlutverk hópsins er að eiga skoðanaskipti við stjórnvöld og hagsmunaaðila. Ein af megináherslum hópsins hérlandis var að kanna efnahags- og félagslega mismunun gegn konum í kjölfar efnahagskreppunnar. Í heimsókninni ræddi hópurinn við fulltrúa ráðuneyta, félagasamtaka, stéttarféлага, blaðakonur, þingkonur og fjölmarga aðra hagsmunaaðila.

#### **Fræðsla um ályktun 1325**

Samkvæmt samstarfssamningi landsnefndar UN Women og utanríkisráðuneytisins sinnir landsnefndin fræðslu friðargæsluliða og útsendra sérfræðinga um jafnréttismál með sérstaka áherslu á ályktun öryggisráðs Samein-

uðu þjóðanna númer 1325 er varðar konur, frið og öryggi. Framkvæmdastýra hitti alla friðargæsluliða sem sendir voru af íslenskum stjórnvöldum til starfa víða um heim og fræddi þá um sérstakt hlutverk kvenna í friðarferlum og friðaruppbyggingu.

#### **Samráðshópur félagasamtaka um ályktun öryggisráðsins 1325**

Hinn 13. desember 2013 var formlega stofnaður samráðshópur um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325. Stofnun samráðshópsins er í samræmi við áætlun Íslands um framkvæmd ályktunarinnar sem fjallar um konur, frið og öryggi. Gegnir framkvæmdastýra landsnefndarinnar formennsku í hópnum. Markmið hópsins er að efla framgang ályktunarinnar, hvort sem um ræðir starf stjórnvalda eða félagasamtaka sem og efla fagþekkingu og miðla af reynslu af starfi með ályktun 1325. Auk framkvæmdastýru eru þátttakendur í samstarfinu fulltrúar utanríkisráðuneytis, Þróunarsamvinnustofnunar og félagasamtaka auk sérfræðinga um málefni átaka-svæða.



# Samstarf við utanríkisráðuneytið

Landsnefnd UN Women á Íslandi á í góðu samstarfi við utanríkisráðuneytið (UTN). Samstarf ráðuneytisins og landsnefndar UN Women gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd og samþættingu tveggja lykilmarkmiða í utanríkisstefnu Íslands, þ.e. að efla þróunarsamvinnu og styðja við jafnrétti kynjanna. Góð samskipti og samráð hafa verið afar gagnleg fyrir aukið upplýsingaflæði milli starfsmanna UTN, landsnefndarinnar, UN Women í New York og fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Samstarfssamningur UN Women og utanríkisráðuneytisins var endurnýjaður árið 2012 til þriggja ára. Samkvæmt samningnum veitir ráðuneytið landsnefndinni styrk til að tryggja rekstur skrifstofunnar og er hann félaginu ómetanlegur. Á móti sinnir landsnefndin fræðslu friðargæsluliða og útsendra sérfræðinga um jafnréttismál með sérstaka áherslu á ályktun öryggisráðsins númer 1325 er varðar

konur, frið og öryggi. Auk þess getur ráðuneytið óskað eftir innleggi eða umsögn landsnefndarinnar vegna starfa eða málefna á fjölþjóðlegum vettvangi er snúa að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna.

Fjárhagslegur stuðningur íslenska ríkisins við UN Women hefur aukist undanfarin ár og er það mjög ánægjulegt að UN Women er ein af fjórum lykilstofnunum í þróunarstarfi Íslands og jafnréttismál eru þverlæg í öllum verkefnum Íslands. Á árinu 2013 námu samhlöðug framlög 192,8 milljónum króna að meðtöldu framlagi til landsnefndarinnar. Síðastliðin ár hafa almenn, óeyrnamerkt framlög íslenska ríkisins til UN Women hækkað umtalsvert en almenn framlög eru afar mikilvægur þáttur í að tryggja stofnunum svigrúm til að veita fé til þeirra svæða er mest þurfa á aðstoð að halda og þegar bregðast þarf skjótt við. Árið 2013 námu almenn framlög til UN Women

82,2 milljónum króna, sem er um 8 prósent meira en árið á undan.

Fé var lagt til Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum auk þess sem sérstök framlög fóru til starfsemi UN Women í Afganistan og Palestínu. Þá var jafnframt veitt fé til verkefnis stofnunarinnar á sviði loftslagsmála. Markmið verkefnisins er að tryggja að jafnréttissjónarmiðum sé komið á veg í alþjóðlegum samingaviðræðum og stefnumótun á sviði loftslagsmála. Eins og undanfarin ár fjármögnuðu Íslendingar stöðu jafnréttisfulltrúa á skrifstofu UN Women í Sarajevo, en meginverkefni starfsmannsins lúta að framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Um mitt árið var sú ákvörðun tekin að ráðuneytið myndi hætta að styrkja farsælt og árangursríkt starf UN Women á Balkanskaga og beina styrknum í stað þess til brýnna verkefna í Palestínu.

## Ungmennaráð UN Women á Íslandi

Ungmennaráð landsnefndar UN Women var stofnað 2012 og hefur vaxið ört síðan þá. Ungmennaráðið hefur staðið fyrir skemmtilegum viðburðum og fræðslu í skólum landsins.

Í apríl og maí hélt ungmennaráðið tónleikaröð á Faktory til þess að vekja athygli á UN Women meðal ungs fólks og heppnaðist viðburðurinn með eindæmum vel. Fram komu Emmsjé Gauti, Hljómsveitt, Boogie Trouble, Húsbandið, Saga Garðarsdóttir uppistandari og margir fleiri.

Í júní stóð ráðið fyrir Pub-quiz í Stúdentakjallaranum þar sem Þóra Arnórsdóttir var spyrill. Vel var mætt á viðburðinn sem vakti mikla lukku. Í júlímánuði flutti ungmennaráðið gjörning á Austurvelli og stóð fyrir brúðkaupi til að vekja athygli á þvinguðum barnahjónaböndum og setja það í íslenskt samhengi. Þetta var gert til þess að vekja athygli á því ofbeldi sem 39 þúsund ungar stúlkur verða fyrir á hverjum einasta degi. Gjörningurinn vakti ómælda

athygli og rataði í alla fréttamiðla landsins og er óhætt að segja að hann hafi heppnast vel.

Í lok sumars stóð ungmennaráðið fyrir fatamarkaði á Kaffibarnum sem lukkaðist vel. Söngkonan Björk gaf fót til styrktar samtökunum og allur ágóði rann til UN Women. Ásamt því að stýra þessum stóru viðburðum stóð ungmennaráðið þétt við bakið á landsnefndinni og tók þátt í undirbúningi viðburða á borð við Fiðrildafögnuðinn og Milljarður rís.

Þá stóð ungmennaráðið fyrir reglulegum opnum fundum þar sem ungmennaráðsliðum gafst tækifæri á því að móta starfið.

Fræðsla er eitt af mikilvægustu hlutverkum ungmennaráðsins sem heimsótti fjölda menntaskóla á landinu og kynnti nemum starfsemi UN Women í fátækustu löndum heims. Kynningar í skólum eru langtíma verkefni og stefnir ungmennaráðið að því halda 20 skólakynningar 2014.



# Overview of 2013

## Fundraising

### The Sisterhood Campaign

Five years ago the Icelandic National Committee of UN Women (NCI) launched the Sisterhood Campaign. In 2013, the NCI reached a record high of monthly donors as over 3600 had signed up. The Sisterhood Campaign continues to be the NCI's main fundraising project, and it has grown consistently through the years and between the years of 2012 and 2013 the increase in incoming funds was over 40 percent. In 2013, the NCI offered current monthly donors to upgrade their donation with much success. In the past, the NCI has supported the United Nations Trust Fund to End Violence against Women and continued to do so in 2013.

### Face2face

The NCI promotes the Sisterhood Campaign every summer by employing a group of street "facers". This year, a passionate group of young adults surpassed all expectations when over 700 new donors joined the Sisterhood Cam-

paign in twelve weeks, both in the capital and in neighbouring municipalities.

### Donation Boxes

Since 2012, the NCI has distributed special donation boxes to all major cafés, restaurants and shops in the greater Reykjavik area. This fundraising technique has become a steady source of income for the NCI and the general public has shown great generosity by donating change to the cause with no cost at all for the NCI.

### Gift certificates

The NCI's gift certificates have become a popular present for those loved ones who seem to have everything. The NCI has also received big donations from trusted benefactors who at different occasions have turned down conventional presents and instead asked friends and family to donate to UN Women.

### The Reykjavik Marathon

The NCI won a big victory at the annual Reykjavik Marathon. A group



of runners who ran in the name of UN Women raised a higher amount than ever before, over 3,000 USD.

### Sponsorship from Women in Engineering

A group of women engineers visited the office in September with a big check for the NCI. At a fundraising event they hosted they raised approximately 2,000 USD for UN Women.

### Dance Marathon

The NCI celebrated the International Day for the Girl Child with a dance marathon. A big group of women and girls showed up to dance together. The teachers, who taught dances from all over the world, donated their time and work, so all profits went directly to UN WOMEN.

### The Butterfly Celebration

The biggest fundraising event of the year took place in November in Reykjavik's Concert Hall, Harpa. The theme of the evening was violence against women with emphasis on acid attacks. Through collaboration with a skilled graphic design team, the NCI launched a media campaign to advertise the event. Images of women who have survived acid attacks were photoshopped onto faces of Icelandic women and the outcome was quite striking and pro-





voking. The campaign garnered a lot of attention and was nominated for campaign of the year at the Icelandic Advertising Awards in the public interest category. In addition to the print campaign, special TV adverts were made to promote the event. The ads featured Icelandic celebrities and were shown on Icelandic National Television and in movie theatres.

Throughout the planning and execution of the event the NCI received generous funding and much needed support from the private sector, artists, volunteers and other collaborators. With this support, the NCI was able to send all profits from the Butterfly Celebration to the UN Trust Fund to End Violence against Women.

The evening itself was a great success. Over 1000 people attended the butterfly celebration at Harpa and it is fair to say that every single person went home with a smile on their face.

### **The Butterfly T-shirts**

In collaboration with ELLA fashion house; Landsbankinn, one of Iceland's biggest banks; and Saga Sig, an up and coming photographer; the NCI launched the Butterfly T-shirt in December. With Saga Sig's photography and ELLA's design, the outcome was a beautiful and classic T-shirt for men and women and turned out to be a real success and a popular Christmas present. With funding from Landsbankinn and the artists, all profits from the sales of the T-shirts were donated to the UN Trust Fund to End Violence against Women.

## **Awareness Raising**

### **School visits**

Staff members of the NCI as well as members of the Youth Council trav-

elled all over the city and visited different schools and workplaces to promote the work of UN Women. Thanks to the Youth Council many, if not most, high school students in Reykjavík are now familiar with the work of UN Women and the NCI.

### **Candle Light Walk**

On November 25th, the International Day for the Elimination of Violence against Women, the NCI held its annual Candle Light Walk. This year, the NCI honoured the founders of the Women's Alliance, a feminist political party founded in 1983. The guests of honour lit the way, with torches in their hands, toward the University of Iceland. There the evening ended with a panel discussion where the former politicians shared their stories and experiences as pioneers in the Icelandic political scene and as fighters for gender equality in Iceland.

### **One Billion Rising**

Around 2000 people gathered together in Iceland's biggest music hall, Harpa, on Valentine's day, 14th of February, to rise up against gender based violence. Men, women, and children of all ages joined hands for an hour and danced to raise awareness of violence against women and girls. In less than an hour, with help from members of the Youth Council, the NCI was able to sign up 80 new monthly donors. It is safe to say that the event was truly inspiring and helped the NCI gain widespread recognition in Iceland.

### **Child Not a Bride**

In the spring of 2013, the NCI launched a viral campaign focusing on child brides. By putting child marriages in an Icelandic context, the NCI tried to reach

out to Icelanders at the same time of the year young teenage girls (and boys) are traditionally confirmed. Contributing to the campaign, the Youth Council staged a wedding outside the Parliament in downtown Reykjavík. The event attracted much attention from passers-by who believed they were witnessing a real wedding until the young "bride" stepped out of her car. The event attracted media attention as well.

### **Advocacy**

The NCI and the Ministry for Foreign Affairs signed a co-operation agreement in 2012. According to the agreement, the MFA stipulated 8 million ISK (approx. 70,000 USD) to the NCI in 2013, which in return works closely with the ministry on issues relating to women's empowerment and development. Special emphasis is on the Security Council's Resolution 1325 and other related resolutions regarding Women, Peace and Security. The Executive Director of the NCI held several trainings on Resolution 1325 for Icelanders going abroad on peace keeping missions.

### **Government support**


The Icelandic Government continues to support UN Women internationally. UN Women is one of four key institutions supported by the Ministry for Foreign Affairs. The Ministry has fulfilled its commitment to the cause with 192.8 million ISK (approx. 1.7 million USD) which includes the contribution to the NCI. The financial support includes a core contribution to UN Women as well as a contribution to the UN Trust Fund to End Violence against Women. The MFA also supported UN Women field offices in the Balkans, Palestine and Afghanistan.

# Ársreikningur landsnefndar UN Women á Íslandi

Tekjur á árinu 2013 námu 60,6 m.kr., þar af eru söfnunartekjur vegna Systralagsins, helstu fjáröflunarleið samtakanna, rúmar 40,6 m.kr. Félagsmenn greiddu 1,1 m.kr. í félagsgjöld. Rekstrarstyrkir námu 11,6 m.kr., þar af komu 8 m.kr. frá utanríkisráðuneytinu samkvæmt samstarfs-samningi. Aðrar rekstrartekjur og styrkir námu 7,1 m.kr. sem eru helst tekjur af sölu Fiðrildabola og fjáröflunarviðburða. Hlutverk landsnefndar UN Women er þríþætt, að vera málsvari kvenna í fátækustu löndum heims, að kynna og afla fjár til starfsemi UN Women sem og réttindagæsla. Landsnefndin hefur umsjón með fræðslu friðargæsluliða og sérfræðinga sem starfa á vettvangi um jafnréttismál með sérstaka áherslu á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 er varðar konur, frið og öryggi. Auk þess sinnir landsnefndin ráðgjafarhlutverki og veitir umsagnir vegna starfa eða málefna á fjölbjóðlegum vettvangi er snúa að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Rekstrarkostnaður landsnefndarinnar nam rúmlega 30 m.kr. á árinu 2013. Starfsmannatengdur kostnaður er stærsti útgjaldaliður skrifstofunnar og nam hann um 19 m.kr. á árinu en hjá landsnefndinni eru 3 starfsmenn í fullu starfi og einn í hlutastarfi. Annar rekstrarkostnaður skrifstofu nam tæpum 4,4 m.kr., en landsnefnd UN Women deilir skrifstofu með UNICEF á Íslandi og Félagi Sameinuðu þjóðanna. Kostnaður vegna fjáröflunar nam 5,3 m.kr., og nam beinn kostnaður vegna Systralagsins, 2,2 m.kr. og fólst hann einkum í launum götukynna sem störfuðu í júní, júlí og ágústmánuði. Kostnaður vegna kynningastarfs nam tæpum 2 m.kr þar af var 1,2 m.kr. vegna fræðslu og kynningastarfs og tæpar 700 þ.kr. vegna útgáfu á kynningarefni og uppfærslu á heimasíðu landsnefndar. Uppreiknaður styrkur til alþjóðlegra

verkefna UN Women fyrir árið 2013 nam rúmlega 30 m.kr. og hækka framlög til verkefna á vegum UN Women um tæp 60 prósent frá fyrra ári. Undanfarin ár

hafa framlög sem safnast í Systralaginu runnið í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum og var þeirri hefð haldið á árinu 2013.



## Helstu tekjur og gjöld

### Tekjur

Söfnunarfé Systralagsins	40,652
Félagsgjöld	1,122
Styrkir til rekstur	11,657
Aðrar rekstrartekjur og styrkir	7,157
<b>Samtals</b>	<b>60,588</b>

### Gjöld

#### Kostnaður vegna viðburða og verkefna

Kostnaður vegna fjáröflunar	5,313
Kostnaður vegna kynningastarfs	1,995
<b>Samtals</b>	<b>7,307</b>

#### Rekstur skrifstofu

Laun og tengdur kostnaður	19,026
Rekstur skrifstofu	4,383
<b>Samtals</b>	<b>23,409</b>
Framlög til verkefna Un Women	30,055





*Frímann Sigurðsson, Margrét Rósa Jochumsdóttir, Þóra Arnórsdóttir, Snæfríður Ólafsdóttir (áheyrnarfulltrúi Ungmennaráðs), Guðrún Ögmundsdóttir, Ólafur Stephensen, Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, Olga Eleonora M Egonsdóttir, Kristjana Sigurbjörnsdóttir, Soffía Sigurgeirsdóttir, Guðrún Norðfjörð.*

# Stjórn UN Women á Íslandi 2013-2014

## **Formaður**

Guðrún Ögmundsdóttir, hagfræðingur

## **Varaformaður**

Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri

## **Gjaldkeri**

Olga Eleonora M. Egonsdóttir, fjármálastjóri

## **Meðstjórnendur**

Frímann Sigurðsson, verkefna- og verkferlastjóri

Guðrún Norðfjörð, markaðsráðgjafi

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, lögfræðingur

Kristjana Sigurbjörnsdóttir, mannfjölda- og þróunarfræðingur

Margrét Rósa Jochumsdóttir, ritstjóri

Soffía Sigurgeirsdóttir, ráðgjafi

Þóra Arnórsdóttir, dagskrágerðarmaður

Þórey Vilhjálmisdóttir, framkvæmdastjóri

Aðalfundur UN Women á Íslandi var haldinn 29. apríl í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna við Laugaveg 176 og tók þá ofantalin stjórn til starfa. Regína Bjarnadóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formannsetu í stjórn. Eru henni þökkud góð störf í þágu UN Women í gegnum tíðina. Þá gáfu Aðalheiður Inga Þorsteinsdóttir, Magnús Árni Magnússon og Þorsteinn Bachmann ekki heldur kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og er þeim öllum þakkað kærlega fyrir vel unnin störf.



Landsnefnd UN  
Women á Íslandi  
Laugavegi 176, 5. hæð  
105 Reykjavík  
S. 552-6200  
[www.unwomen.is](http://www.unwomen.is)

